

Dalvíkurbyggð
María Markúsdóttir
Ráðhús Dalvíkur
620

Garðabær, 1. október 2025
202509-0135/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008 – 2020 - Friðland Svarfdæla - stækkun iðnaðarsvæðis Dalvíkurbyggð.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Dalvíkurbyggðar vegna breytingar á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008–2020 sem barst Náttúruverndarstofnun 19. september sl. Breytingin felur í sér að iðnaðarsvæði 647-I á Hríshöfða, sem er lóð undir raforkumannvirki Rarik, verði stækkað úr 0,2 ha í 0,95 ha til samræmis við gildandi lóðarleigusamning. Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað sé að byggja yfir núverandi spennumannvirki á lóðinni til að tryggja afhendingaröryggi raforku á svæðinu

Friðland í Svarfaðardal

Friðland í Svarfaðardal var friðlýst árið 1972 og nær yfir um 540 ha votlendissvæði með hátt verndargildi fuglalífs og vistgerða. Í stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins 2021–2030 kemur fram að allar framkvæmdir innan marka friðlands séu óheimilar nema með leyfi Umhverfisstofnunar (nú Náttúruverndarstofnunar) og að mannvirki og innviðir skuli samræmast verndarmarkmiðum svæðisins.

Að mati Náttúruverndarstofnunar fer fyrirhuguð framkvæmd að mestu fram á þegar raskaðri lóð undir núverandi spennumannvirki. Hún er því ekki líkleg til að ganga gegn markmiðum verndar svæðisins. Framkvæmdin gæti þó haft takmörkuð sjónræn áhrif á ásýnd svæðisins og tímabundin áhrif á fuglalíf á framkvæmdatíma. Heildstætt mat er að framkvæmdin sé að meginstefnu í samræmi við verndarmarkmið friðlandsins, að því gefnu að leyfisferli og skilyrði Náttúruverndarstofnunar verði virt.

Leyfismál

Náttúruverndarstofnun bendir á að í fyrirbyggjandi gögnum koma ekki fram nánari upplýsingar um stærð, hæð, fermetrafjölda eða lit yfirbyggingarinnar. Slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að unnt sé að leggja heildstætt mat á sjónræn áhrif framkvæmdarinnar og hvort hún falli að ásýnd svæðisins og verndarmarkmiðum friðlandsins.

Samkvæmt friðlýsingarauglýsingu fyrir Friðland í Svarfaðardal nr. 443/1980 er óheimilt að gera mannvirki á svæðinu nema að fengnu leyfi **Náttúruverndarstofnunar**. Þetta á við um hvers konar byggingar, vegi og aðra innviði innan marka friðlandsins. Í samningi Náttúruverndarstofnunar og Dalvíkurbyggðar frá 2019 er þetta áréttað, þar sem fram kemur að allar framkvæmdir á friðlandinu eru háðar leyfi stofnunarinnar og að meiri háttar viðhald og ný mannvirki eru á ábyrgð hennar.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í skipulagsgögnum Dalvíkurbyggðar er ekki fjallað um þessa leyfisskyldu. Mikilvægt er að í skipulagsvinnu og kynningu komi skýrt fram að fyrirhuguð framkvæmd er háð sérstöku leyfi Náttúruverndarstofnunar, auk þess sem framkvæmdin þarf að samræmast verndarmarkmiðum friðlandsins samkvæmt náttúruverndarlögum.

Virðingarfyllt,

Dagbjört Jónsdóttir
svæðissérfræðingur

Ármann Guðmundsson
sérfræðingur